



Dagsetning:	11. desember 2014 Kl. 20:00
Fundarstaður	Golfskáli GKG, v/ Vífilstaðaveg, Garðabæ.
Fundarstjóri	Gunnar Jónsson
Fundarritari:	Símon Kristjánsson

1. Fundarstjóri og fundarritari kosnir.

- Formaður setti fundinn formlega og bauð félagsmenn velkomna. Að því búnu stakk hann upp á Gunnari Jónssyni sem fundarstjóra. Var það samþykkt samhljóða. Fundarritari aðalfundar var síðan skipaður Símon Kristjánsson. Fundarstjóri kannaði því næst lögmeiti fundarins og úrskurðaði að löglega hefði verið til hans boðað.

2. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári.

- Guðmundur Oddsson formaður byrjaði á því að þakka þeim sem mættir voru á aðalfundinn, en um 67 félagar sátu aðalfundinn að þessu sinni. Því næst fór formaður yfir skýrslu stjórnar og bar þar hæst:
- Eftirminnilegir atburðir 2014
 - GKG átti 20 ára afmæli 24. mars 2014 þar sem sveitarfélögin skrifuðu undir viljayfirlýsingu um byggingu íþróttamiðstöðvar.
 - Íslandsmótið í högggleik fór í fyrsta skiptið fram á okkar velli.
 - Hafinn verður bygging íþróttamiðstöðvar GKG
- Stjórnarstörf 2014
 - Haldnir voru 11 bókaðir stjórnarfundi auk almennra félags- og fræðslufunda. Mikil fundarhöld voru með sveitarfélögunum, og umtalsverð vinna við Íslandsmótið í högggleik og hönnun á nýjum skála.
- Félagatal og vinavellir
 - 2014 er fækkun félagsmanna í fyrsta skipti úr 1915 niður í 1830 (5% fækkun) 21% fækkun hjá unglingum 13 ára og yngri. Við erum að eldast og fjölgun hjá ellismellum um 12%. Spilun á vinavöllum var minni þetta árið og er veðrið einföld skýring á því. Reiknað er með að vera með sömu vinavelli á næsta ári.
- Íþróttamiðstöðin staðan
 - Formaður og framkvæmdastjóri fóru yfir samskiptin við sveitarfélögin, LSH og fjármálaráðuneytið vegna byggingarleyfis. Staðan núna er að fjármálaráðuneytið hefur tekið yfir saming GKG og LSH. Og reiknað er með að öll leyfi verði tilbúin um næstu áramót og við hefjum framkvæmdir í janúar 2015.
- Starfsmannamálin og fjármálin.
 - Starfsmannafjöldi er um 10 yfir vetrartímann og fór upp í 76 í júlí. Rekstur klúbbsins skilaði 11 milljón kr framlegð. Rúmar 40 milljónir hafa þegar farið í nýja íþróttamiðstöð og 11 milljónir til GSÍ og lóðarleigu.
- Glæsileg afrek
 - Birgir Leifur Hafþórsson varð Íslandsmeistari í högggleik 2014.
 - Klúbbmeistarar GKG 2014 voru Ingunn Einarsdóttir og Emil Þór Ragnarsson
- Því næst þakkaði formaður meðstjórnarmönnum, öllum nefndarformönnum og nefndarmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári. Hann þakkaði sérstaklega öllu starfsfólki, framkvæmdastjóra, vallarstjóra og kennurum fyrir ánægjulegt samstarf á árinu. Einnig þakkaði hann sérstaklega sjálfboðaliðum sem unnu frábært starf við Íslandsmótið í högggleik.

3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykkis

- Kristinn Jörundsson gjaldkeri fór yfir reikninga klúbbsins fyrir starfsárið 2013 – 2014 og útskýrði þá. Hagnaður klúbbsins var kr. 11.128.552.
- Fundarstjóri bar skýrslu stjórnar og ársreikninga félagsins upp til umræðna og gaf orðið laust
 - Óskað var eftir skýringum á reikningum og svaraði gjaldkeri þeim. Reikningar verða birtir á heimasíðu klúbbsins.
 - Spurt var hvort leitað hafi verið eftir skýringum á fækkun félagsmanna.
 - Svar Agnar Már Jónsson Hefur verið skoðað og slæmt veður kemur við þátttöku barna, mikil samkeppni.
 - Svar Úlfar Jónsson Undanfarin ár hefur verið mikill vöxtur í fjölda barna og sami fjöldi er á æfingum og veturinn lítur vel út.
 - Spurt var um hækkun launa
 - Svar Agnar Már Jónsson. Kostnaður vegna klaka um veturinn
 - Breytingar uppgjors á orlofi
 - Íslandsmótið í högguleik
 - Breytingin á verktökum yfir í launakostnað
 - Mannafsfrekari framkvæmdir þetta árið í stað malbiks.
- Reikningarnir voru því næst bornir upp til atkvæða og þeir samþykktir samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun næsta árs kynnt.

- Gjaldkeri kynnti tillögu stjórnar að fjárhagsáætlun fyrir komandi ár. Í henni er gert ráð fyrir að heildartekjur næsta starfsárs verði heldur hærrí en árið 2014. Áætlunin er byggð á þeim forsendum að félagsgjöld verði kr. 88.700 fyrir fullborgandi kr. 58.000 fyrir 67 ára og eldri og óbreytt hjá öðrum. Inntökugjald verði áfram á næsta ári. Gert er ráð fyrir launahækkun á árinu.
- Fundarstjóri bar því næst fjárhagsáætlunina upp til umræðu.
 - Spurt var hvort til greina kæmi að hafa lægri gjöld á 20 – 25 ára sem eru í háskólanámi.
 - Einnig af hverju borga þeir sem eru þeir sem eru 67 ár og eldri lægri gjöld.
 - Samþykkt var eftirfarandi ályktun.
[Aðalfundur GKG beinir því til stjórnar að fara heildstætt yfir gjaldskrá félagsins fyrir næsta aðalfund.](#)
- Spurt af hverju þarf inntökugjald
 - Svar Agnar Már Jónsson Þeir sem eru að ganga í klúbbinn núna eru að borga fyrir uppbyggingu undanfarinna ára.
- Það kom fram hjá Bergþóru Sigmundsdóttir stjórnarmanni í GSÍ og GKG að fækkun kylfinga er mikið rædd í Evrópu og verið að vinna skýrslur sem við getum vonandi nýtt okkur.
- Fjárhagsáætlun var því næst borin upp til atkvæða og samþykkt með einu mótatkvæði.

5. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn

- Formaður kjörnefndar Steinar J. Lúðvíksson gat ekki mætt á fundinn og gerði fundarstjóri grein fyrir tillögum kjörnefndar. Kjörnefnd kom með tillögu um Guðmund Oddsson sem formann og var tillagan samþykkt með lófaklappi.
- Því næst bar kjörnefnd fram tillögu sína að stjórnarmönnum til 2 ára. Þeir voru Bergþóra Sigmundsdóttir, Kristinn Jörundsson og Símon Kristjánsson. Fundarstjóri óskaði eftir öðrum framboðum úr sal sem reyndust ekki vera. Því næst var gengið til atkvæða um tillögu kjörnefndar og var hún samþykkt samhljóða.

- Kjörnefnd tilnefndi Einar Gunnar Guðmundsson, Jón K. Baldvinsson og Ragnheiði Stephensen til að sitja sem varamenn í stjórn til eins árs. Var tillagan samþykkt samhljóða.

6. Kosning tveggja endurskoðenda.

- Félagskjörnir skoðunarmenn reikninga til næsta fundar voru kosnir þeir Ólafur Nilsson og Steinar J. Lúðvíksson með lófaklappi.

7. Önnur mál.

- Guðmundur Oddson formaður veitti eftirfarandi verðlaun
 - Holukeppnismeistari Jón Gunnarsson
 - Háttvísibikarinn Aron Snær Júlíusson
- Agnar Már Jónsson kynnti viðhorfskönnun félagsmanna GKG og keppenda á Íslandsmóttinu í högggleik. Það eru 1830 félagar í GKG og svöruðu 548.
 - Kom fram ánægja með að vera með þessar kannanir.
 - Könnun hjá keppendum á Íslandsmótti kom vel út og var sjálfboðaliðum hrósað sérstaklega
- Kom fram að næsta sumar verða samtals 9 gámar með aðstöðu fyrir veitingamann og pláss fyrir 40 – 50 manns einnig verður tjald allt sumarið. Ný bílastæði verða malbikuð.
- Spurt hvort ekki væri hægt að fjölga innanfélagsmótum
 - Svar Mótanefndin mun kanna það
- Kom fram að golfbílaleigan kom vel út.
- Spurt hvort ekki væri möguleiki að breyta þeim tímum sem félagar geta boðið vinum á lægra verði og einnig hvort kannað hafi verið með vinaklúbba á höfuðborgarsvæðinu.
 - Svar Ekki áhugi á vinaklúbbum á höfuðborgarsvæðinu of mikið álag á þeim klúbbum.
- Spurning á vallarstjóra. Af hverju var ekki bannað með merkingum að aka golfbílum á ákveðnum stöðum.
 - Svar vallarstjóra. Erum að læra á þessa hluti sérstaklega síðustu 2 ár og skoðum þetta.
 - Svar Agnar Már Jónsson það eru ítarlegar reglur í öllum bílum en ekki farið nógu vel eftir þeim.
- Lórent kom í pontu
 - Ekki fara í samvinnu með GR þar fara allir tímar á 20 sek.
 - Hjá GKG er góð stjórn teknir niður punktar og lagfært ef hægt er
 - Guðmundur vallarstjóri snöggur að lagfæra og klippa tré þegar á var bent
 - Flottar verðlauna afhendingar hjá GKG.
- Fundarstjóri þakkið fundarmönnum og vonandi hittumst við aldrei aftur í þessu húsnæði.

Ekki var fleira á dagskrá fundarins og honum því slitið klukkan 22:15